



Lagt fyrir 372. fund velferðarráðs 19. febrúar 2020
VEL2020020009
RÁ/kg

Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir

Tillaga: *Velferðarráð samþykkir viðauka, 2,5 mkr. við samning velferðarsviðs við Reykjavíkurdeild Rauða krossins um rekstur Konukots. Um er að ræða verðlags- og launþróun. Jafnframt samþykkir velferðarráð að fela velferðarsviði að undirbúa tillögu að framtíðarskipan reksturs Konukots.*

Greinargerð:

Konukot er neyðarathvarf fyrir heimilislausar konur, rekið í anda skaðaminnkunar. Athvarfið er samstarfsverkefni velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Rauða krossins í Reykjavík. Markmið Konukots er að veita gestum öruggt skjól, athvarf til að hvíla sig og aðstöðu til að sinna grunnþörfum.

Með bréfi Rauða krossins í Reykjavík, dag. 23. janúar 2020 kemur fram sú ákvörðun stjórnarfundar Rauða krossins að koma rekstri Konukots farsællega yfir á hendur annarra rekstraraðila (fylgiskjal 1).

Á árinu 2013 var gerður 3ja ára samningur við Reykjavíkurdeild Rauða kross Íslands um rekstur Konukots í kjölfar útboðs. Endurnýjaður samningur gildi til 31. ágúst 2018. Innkauparáð Reykjavíkurborgar hafði þá samþykkt beiðni um undanþágu frá innkaupareglum, sbr. i-lið 13. gr. innkaupareglna. Þann 1. september 2018 var gerður viðauki við samninginn sem gildi til 31. desember 2018. Núverandi samningur að upphæð 68.200.00 mkr. auk húsaleigu í formi innri leigu 56.941 á mánuði, rann út 31. desember 2019 (fylgiskjal 2). Á fundi innkauparáðs þann 24. janúar 2019 var samþykkt beiðni velferðarsviðs um undanþágu frá ákvæðum 11. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar um skyldu til innkaupa á grundvelli innkaupaferlis, sbr. 1. mgr. 13. gr. innkaupareglanna.

Vinna var hafin við gerð nýs samnings við Rauða krossinn áður en formlegt bréf frá stjórn Rauða krossins barst. Fyrir lá að samningurinn yrði óbreyttur fyrir utan upphæð samningsins. Á grundvelli verðlagsforsenda hækkar samningsupphæð um 3,2% eða í 70,4 mkr. Á grundvelli rýningar á launum starfsmanna Konukots var talið eðlilegt að hækka launahluta samnings um 4% og upphæð samnings yrði þá 72,750 mkr. Rauði krossinn hafði lagt áherslu á aukna hækkun á grundvelli annars rekstrarkostnaðar.

Fylgiskjöl:

1. Bréf stjórnar Rauða krossins í Reykjavík, dags. 23. janúar 2020.
2. Samningur velferðarviðs og Rauða krossins í Reykjavík um rekstur Konukots 1. janúar – 31. desember 2019.